

# Fundur foreldrafélags leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar

16. nóvember 2022

Mættar: Agnieszka Korpak, Aldís Ósk Sævarsdóttir, Andrea Rán Wium, Fanney Rún Ágústsdóttir, Sigurbjörg Anna Þorleifsdóttir og Sunna Rós Svansdóttir.

Fundur fór fram á heimili Sunnu Rósar og í gegnum fjarfundabúnað.

Fundur settur kl 16:30.

Rætt er um niðurstöður frá könnun varðandi jólaball Heiðarskóla og Skýjaborgar. Svörun var nokkuð góð en 32 foreldrar svöruðu og 99,6% af þeim vilja mæta á jólaskemmtun með börnin sín. Ekki var mikill munur á svörum um hvort ætti að halda það á föstudeginum 6. janúar eða á laugardeginum 7. janúar, þó örlítið fleiri sem völdu 7. janúar.

Þórdís Þórisdóttir hafði samband við Sunnu vegna fjáröflun fyrir útskriftarferðina hjá 9. og 10. bekk. Þá veltum við fyrir okkur hvort við eigum að styrkja þau með jólaföndri eða jólaballi. Þá myndu nemendur jafnvel sjá um veitingar og rukka inn á ballið sem myndi þá renna í sjóð þeirra. Einnig myndu nemendur sjá um tónlistina á ballinu og að leika jólasveina. Þá fengju börn mandarínur frá jólasveininum. Skoða þarf hvaðan við fáum búninga.

Sunna er búin að vera í sambandi við Eyrúnu. Leikrit í tösku verður 28. nóvember. Jólaball í Skýjaborg verður 16. Des. Skoða þarf betur hverjir verða jólasveinar. Hægt að skoða að fá nemendur í 9 eða 10 bekk til að vera jólasveinn gegn greiðslu í söfnunina þeirra.

Sigga Dögg kemur í Heiðarskóla að beiðni barnanna þar. Okkur finnst skólinn vera að standa sig vel í fræðslu núna. Veltum því fyrir okkur hvort að það muni þá vera meiri peningur inni fyrir veglegri vorhátíð í ár eða hvort við höldum spilahitting eða annað með foreldrum í feb/mars.

Mandarínur fyrir jólaball í Skýjaborg borgar líklegast leikskólinn. Aga ætlar að athuga það. Þarf að skoða hver borgar mandarínur fyrir börnin á balli í Heiðarskóla.

Farið var yfir þær jólagjafir sem foreldrafélagið gaf leikskólanum og grunnskólanum síðustu ár og verður skoðað hver gjöfin verður þetta árið.

Fundi slitið kl 17:10.

Fundagerð ritaði Aldís Ósk Sævarsdóttir.